

Rannveig A. Jóhannsdóttir

Úti um mela og móa

Ábendingar til kennara



Námsgagnastofnun 2001
07694

Markhópur

Námsbókin *Úti um mela og móa* er samin fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa engu að síður náð allgóðri færni í íslensku máli. Hún er einkum ætlað nemendum á miðstigi grunnskólans sem falla undir skilgreininguna *lengra eða lengst komnir* í íslensku máli, sjá bls. 107–108 í kaflanum „Íslenska sem annað tungumál“ í Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska.

Markmið og rökstuðningur

Úti um mela og móa er annars vegar ætlað að verða nemendum að liði í námi sínu í náttúrufræði og landafræði og stuðla að áhuga og þekkingu þeirra á náttúru og lífríki Íslands. Hins vegar er henni ætlað að efla málvitund og málfærni nemenda og auðvelda þeim að skilja hugtök sem tengjast þessum námsþáttum.

Námsbókin á að uppfylla markmið Aðalnámskrár þar sem tekið er fram að námsgreinin *Íslenska sem annað mál* skuli ná yfir allt skólastarfið og viðfangsefnið vera samræmd og samhæft öllum námsgreinum.

Í bókinni er tekið mið af því að nemendur geti, í þeim mæli sem á við hjá hverjum og einum, tekið þátt í viðfangsefnum sem kennd eru í bekkjardeildum þeirra í áðurnefndum námsgreinum. Hún er því samin með hliðsjón af mörgum efnisþáttum sem fjallað er um í almennu námsefni í landafræði og náttúrufræði á miðstigi grunnskólans. Það er markmið höfundna að bókin geti virkað eins og brú yfir í almennt námsefni og stuðlað að því að nemandi taki virkan þátt í almennu bekkjarstarfi.

Við samningu bókarinnar voru eftirtaldar námsbækur einkum hafðar til hliðsjónar: *Náttúran allan ársins hring*, *Land og líf* og *Lífríkið á landi*. Hafa skal í huga að í bókinni *Úti um mela og móa* eru allir efnisþættir þó verulega einfaldaðir miðað við fyrrgreindar námsbækur og umfjöllun um þá með engu móti tæmandi.

Efnisþættir og notkun

Í bókinni *Úti um mela og móa* er lögð áhersla á ýmis atriði er tengjast náttúru og lífríki Íslands eins og áður segir. Námsbókinni er skipt í fimmtán kafla. Hver kafli nær yfir eina opnu og fyrirsögnin á opnunni gefur til kynna efnisþættina í kaflanum.

Í kennslu má fjalla um efnisþættina í heild eins og framsetningin í bókinni gefur tilefni til eða taka út úr textanum vissa hluta eða stök atriði og tengja við annað efni til nánari útskýringar fyrir nemandann.

Tengja má viðfangsefnið við ljósmyndir, skyggjur, myndbönd, vefslóðir, vettvangsferðir, bækur, annað námsefni og hvað eitt sem enn frekar áréttar um efnið og útskýrir það.

Ávallt er mælt með að nota fjölbreytt ítarefni og leita margvíslegra leiða í kennslunni til að tryggja sem bestan skilning nemandans á því viðfangsefni sem verið er að kenna í hvert sinn.

Efnisröð

Ekki er nauðsynlegt að fylgja köflum eða efnispáttum eins og þeir eru settir fram í námsefninu heldur getur kennari valið kafla eftir því sem hentar hverju sinni og með hliðsjón af öðrum viðfangsefnum nemenda. *Úti um mela og móa* má t.a.m. kenna samfellt yfir eitt skólaár en bókina má einnig nota í skemmri tíma, velja tiltekna opnur eða opnu, allt eftir því hvernig námið er skipulagt og þörf nemenda er.

Kennsluhugmyndir

Efnispáttur afmarkaður: Hvern efnispátt í námsefninu er hægt að kenna sjálfstætt og hafa sem afmarkað verkefni. Sem dæmi um þetta má nefna að kenna um goshver eða laug, um sveit eða borg, heiðlóu eða krúu.

Þemaverkefni: Námspátt má einnig skipuleggja sem þematengt verkefni og fást við hann á heildstæðan hátt, til dæmis:

- Jarðhitasvæði þar sem fjallað er um ýmis atriði sem því tengjast, sbr. goshver, laug o.fl.
- Sveit, bær og borg þar sem tekið er fyrir það sem er sameiginlegt í lífríki og náttúru og einnig það sem skilur að.
- Farfuglar þar sem heiðlóa og kría koma við sögu, komu- og fartími fugla, hvaðan þeir koma o.s.frv.

Nemendabók: Dæmi um útfærslu í kennslu geta verið margvísleg. Hvern efnispátt er hægt að vinna sem hópverkefni eða einstaklingsverkefni. Hver nemandi getur að auki útbúið hefti eða verkefnabók og túlkað efnið í máli og myndum á sinn persónulega hátt ásamt því að tjá sig um efnið á eigin móðurmáli.

Myndefni – umræður

Í námsbókinni *Úti um mela og móa* vegur myndefnið þungt. Því er ætlað að skýra og styðja við texta námsefnisins eins og kostur er og stuðla þannig að betri skilningi nemandans á því viðfangsefni sem verið er að kenna hverju sinni. Mynd og texta er auðvelt að tengja saman.

Myndefninu er einnig ætlað að ýta undir hugarflug nemandans og vera tilefni til að hann og kennari ræði saman um það sem sést á myndunum og um það sem þær túlka. Því er einnig hægt að nota bókina *Úti um mela og móa* þótt nemendur geti lítið *lesið* á íslensku.

Myndirnar gefa kost á óþrjótandi umræðuefnum og kennari getur meðal annars notað þær til að hvetja nemendur til að segja frá náttúru og lífríki í heimalandi sínu eða upprunalandi. Þá ætti kennari að hvetja nemendur til fara með bókina heim og ræða um myndirnar og efni hennar við foreldra sína á móðurmáli sínu. Samræður á móðurmálinu auðvelda nemendum tvímælalaust að skilja hugtökin og efnið dýpri skilningi.

Tilvísanir

Í hverri opnu bókarinnar er vísað í vissar blaðsíður í námsbókum sem notaðar eru í náttúru- og landafræði á miðstigi grunnskólans. Fyrir valinu urðu fjórar bækur, þ.e. *Líf og land*, *Lífrikið á landi*, *Náttúran allan ársins hring* og *Tré*. Auðvitað koma mun fleiri bækur til greina og einnig fleiri blaðsíður í tilteknum bókum en þar eru tilgreindar. Einkum var miðað við að á blaðsíðunum væru ljósmyndir eða teikningar sem geta auðveldað skilning nemenda á efnispáttunum og sýnt fleiri hliðar á sama fyrirbæri en tilgangurinn er einnig að hvetja nemendur til að takast á við texta sem er þyngri en í þessari bók. Á þann hátt getur *Úti um mela og móa* virkað eins og brú yfir í almenna námsefnið eins og áður segir og ýtt undir að nemendur noti það.

Orðskýringar

Í textanum koma fyrir fjölmörg orð og hugtök sem eru nemendum framandi. Hafa ber í huga að hér er um að ræða orðaforða sem ekki er notaður frá degi til dags og að mörg hugtök sem koma fyrir í textanum geta einnig verið framandi fyrir íslenska nemendur.

Til að auðvelda nemendum að skilja og lesa textann var valin sú leið að velja og setja orðmyndirnar inn á teikninguna sem næst því atriði sem það á við. Allflest orðin eru nafnorð, og eru þau sett fram í nefnifalli og eintölu óháð því hvernig þau birtast í textanum. Kennari verður því að ganga úr skugga um að nemandi átti sig á öðrum myndum orðsins. Að sjálfsöðgu getur kennari merkt fleiri orð inn á teikningarnar ef hann telur það æskilegt. Annars vegar er hægt að skrifa þau snyrtilega inn í bókina eða taka ljósrit af blaðsíðunni/opnunni og skrifa þau á ljósritið. Sjá einnig hugmyndir í orðabók.

Orðabók

Mikilvægt er að nemendur búi til orðalista eða jafnvel orðabók þar sem valin orð eru bæði á íslensku og móðurmáli nemandans ásamt skýringum á orðum og atriðum eins og við á hverju sinni. Æskilegt er að nemandi fari heim með slíka orðabók til að foreldrar/forráðamenn geti lagt sitt af mörkum til að skýra hugtökin. Hvernig sem kosið er að fást við efnispætti í námsefninu *Úti um mela og móa* þarf að huga að hlutbundinni, skapandi og skynrænni námsleið eins og best á við. Á þann hátt er betur hægt að útskýra og glíma við flókin hugtök og atriði sem óhjákvæmilega koma fyrir í námsefninu.

Orðabókina má einnig nota til að setja fram afleiddar myndir af tilteknum orðum ef það hentar nemanda, finna samheiti, búa til léttar setningar þar sem orðin koma fyrir o.s.frv.

Ítarefni

Vefefni

Íslandsvefurinn (namsgagnastofnun.is)

Myndabanki með þúsundum mynda ásamt upplýsingum um landið og lífríkið.

Námsefni frá Námsgagnastofnun

Fjaran (veggspjald)

Eldgos

Ísland – Landið okkar

Landshorna á milli

Líf og land

Lífríkið á landi

Náttúran allan ársins hring

Náttúruverkefni

Tré

Myndbönd

Frumbygginn – refurinn og ríki hans

Gróður Íslands

Hagamús – með lífið í lúkunum

Ísland – Bergvatnsár og jökulár

Ísland – Stöðuvötn

Ísland – Ströndin

Ísland – Jöklar og jökulrof

Íslenskir fuglar, t.d. Æðarfuglar, Kría, Vaðfuglar, Spörfuglar, Lundi

Landshorna á milli

Sex myndbönd, u.þ.b. 12–14 mínútur, sem henta vel með landafræðinámsefni miðstigs.

Þær eru að nokkru sniðnar að námsbókinni *Landshorna á milli*.

Bækur frá öðrum forlögum en Námgagnastofnun

Björn Hróarsson. 1992. *Skoðum landið. Ferðabók barnanna.*

Mál og menning.

Brian Pilkington. 1992. *Dýraríki Íslands. Undraheimur íslenskrar náttúru.* Iðunn.

Guðmundur P. Ólafsson. 1990. *Land og vatnafuglar.*

Mál og menning.

Guðmundur P. Ólafsson. 1990. *Sjófuglar.* Mál og menning.

Guðmundur P. Ólafsson. 1992. *Húsdýrin.* Mál og menning.

Guðmundur P. Ólafsson. 1992. *Í fjörinni.* Mál og menning.

Guðmundur P. Ólafsson. 1995. *Ströndin í náttúru Íslands.*

Mál og menning.

Guðmundur P. Ólafsson. 1996. *Fuglar í náttúru Íslands.*

Mál og menning.

Guðmundur P. Ólafsson. 1998. *Perlur í náttúru Íslands.*

Mál og menning.

Guðmundur P. Ólafsson. 2000. *Hálednið í náttúru Íslands.*

Mál og menning.

Annað efni sem getur hentað vel eru t.d. kortabækur, alls konar frímerki, ferðabæklingar, veggspjöld af fuglum, dýrum o.s.frv. og margar bækur sem komið hafa út á sl. árum með gullfallegum ljósmyndum af íslenskri náttúru.

Lokaorð

Höfundar eru sannfærðir um að námsefnið *Úti um mela og móa* geti auðveldað nemendum með annað móðurmál en íslensku að takast á við almennt námsefni í náttúru- og landafræði á miðstigi grunnskólans. Námsbókin nýtist einnig öðrum nemendum sem byrjendabók á þessu sviði. Þá getur hún nýst nemendum sem eiga í erfiðleikum með að lesa langa texta. Hún ætti að geta veitt nemendum sem hana nota nokkra undirstöðu um Ísland, náttúru þess og lífríki. Það er einnig von höfunda að námsefnið efli áhuga nemenda á einkennum og fjölbreytileika í náttúru og lífríki landsins.